



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

TÓNLISTARSAGAN ÞÍN
**KLASSÍKIN
OKKAR**

30. ÁGÚST
2019



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.



Tónleikarnir Klassíkin okkar eru í samstarfi við RÚV. Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á RÚV og á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd:

Fyrri hluti: 45'

Seinni hluti: 55'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.youtube.com/channel/UC...) / [#sinfó](https://www.spotify.com/...)

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

KLASSÍKIN OKKAR 2019 – TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Arngunnur Árnadóttir
einleikari

Elmar Gilbertsson
einsöngvari

Hallveig Rúnarsdóttir
einsöngvari

Sigrún Eðvaldsdóttir
einleikari

Hljómeyki
Þorvaldur Örn Davíðsson
kórstjóri

Mótettukór
Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri

Söngsveitin Fílharmónía
Magnús Ragnarsson
kórstjóri

Halla Oddný
Magnúsdóttir
kynnir

Guðni Tómasson
kynnir

EFNISSKRÁ

Sergej Prokofjev
Montag og Kapúlett (úr Rómeó og Júlíu, 1935)

Giacomo Puccini
Un bel di vedremo (úr Madama Butterfly, 1903)

Giacomo Puccini
Che gelida manina (úr La bohème, 1895)

Johannes Brahms
Wie lieblich sind deine Wohnungen (úr Ein deutsches Requiem, 1865)

Edward Elgar
Nimrod (úr Enigma-tilbrigðunum, 1899)

Wolfgang Amadeus Mozart
úr Requiem K. 626 (1791)

Introitus
Kyrie
Dies irae
Lacrymosa

HLÉ

Johann Pachelbel
Kanón (um 1690)

Wolfgang Amadeus Mozart
Klarínettkonsert, 2. kafli (1791)

Georg Friedrich Händel
Hallelúja (úr Messíasi, 1742)

Samuel Barber
Adagio fyrir strengi (1936)

John Williams
Schindler's List, meginstef (1993)

John Adams
Short Ride in a Fast Machine (1986)

Pjotr Iljitsj Tsjajkovskij
Sinfónía nr. 4, lokakafli (1878)



DANÍEL BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómveita og má þar nefna Sinfóníuhljómveit Íslands, Fílharmóníuhljómveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómveitina, Ulster-hljómveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013). Árið 2017 voru frumflutt eftir Daníel tvö stór verk, óperan *Brothers* sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík við mikla hrifningu, og nýr fiðlukonsert sem var pantaður af Fílharmóníuhljómveit Los Angeles og Sinfóníuhljómveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Nýjasta verk Daníels er samið fyrir Fílharmóníuhljómveit Los Angeles í tilefni af 100 ára afmæli hennar og verður frumflutt á afmælistónleikum hennar í október næstkomandi. Daníel var á árunum 2015–2018 staðarlistamaður Sinfóníuhljómveitar Íslands og tók nú í upphafi þessa starfsárs við stöðu aðalgesta-stjórnanda hljómveitarinnar.



HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Hallveig Rúnarsdóttir hefur sungið mörg óperuhlutverk á fjölbreyttum ferli sínum. Meðal stærstu hlutverka hennar eru Donna Anna í *Don Giovanni* eftir Mozart, Michaëla í *Carmen* eftir Bizet og Fiordiligi í *Così fan tutte* eftir Mozart. Hún hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim og hefur sungið margoft með Sinfóníuhljómveit Íslands auk fjölda annarra hljómveita bæði hér á landi og erlendis. Hallveig hefur verið virk í flutningi nýrrar tónlistar og hefur frumflutt mörg ný íslensk verk, þar af nokkur sem hafa verið samin fyrir hana. Hún hefur einnig haldið fjölda einsöngstónleika á Íslandi og víðar um Evrópu þar sem hún hefur lagt áherslu á ljóðasöng. Hallveig hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona

ársins 2013 fyrir hlutverk sitt sem Michaëla í *Carmen* og hefur tvívegis hlotið tilnefningu eftir það til sömu verðlauna. Hún hefur einnig verið tilnefnd tvisvar sem söngvari ársins á Grímuverðlaununum.



ELMAR GILBERTSSON

EINSÖNGVARI

Elmar Gilbertsson útskrifaðist frá Söngskóla Sigurðar Demetz 2007 og stundaði meistaranám við Tónlistarháskólann í Amsterdam og Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag. Hann starfaði í tvö ár við Óperustúdíó Hollensku óperunnar og síðar við óperuna í Maastricht. Síðustu ár hefur hann komið fram í óperuhúsum og tónleikasölum víðsvegar um Evrópu og má þar nefna Nantes og Aix-en-Provence í Frakklandi, Ríkisóperuna í Amsterdam, Barbican í Lundúnum, Elbphilharmonie í Hamborg, Festspielhaus Baden-Baden í Þýskalandi og La Monnaie í Brussel.

Elmar hefur á ferli sínum sungið mörg óperuhlutverk, meðal annars Tamino í *Töfraflautunni*, Don Ottavio í *Don Giovanni*, Nerone í *Krýningu Poppeu*, Lensky í *Evgení Ónégin* og hertogann af Mantova í *Rigoletto*. Hann hlaut bæði Grímuverðlaunin og Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngvari ársins 2014 fyrir hlutverk Daða Halldórssonar í óperunni *Ragnheiður*, og aftur 2016 fyrir hlutverk Don Ottavio í *Don Giovanni* í uppsetningu Íslensku óperunnar. Elmar er fastráðinn við Staatsoper Stuttgart í Þýskalandi.



ARNGUNNUR ÁRNADÓTTIR

EINLEIKARI

Arngunnur Árnadóttir er fædd í Reykjavík. Hún byrjaði að læra á klarínnett átta ára gömul hjá Hafsteini Guðmundssyni. Síðar lærði hún hjá Kjartani Óskarsyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og Einari Jóhannessyni við Listaháskóla Íslands. Hún stundaði framhaldsnám við Hochschule für Musik „Hanns Eisler“ í Berlín hjá Ralf Forster og Wenzel Fuchs.

Arngunnur hefur flutt kammarmúsík víða, meðal annars með Kammersveit Reykjavíkur og á tónlistarhátíðinni Reykjavík Midsummer Music. Sem einleikari hefur Arngunnur meðal annars leikið með Sinfóníuhljómsveitinni í Liepaja í Lettlandi undir stjórn Daníels Bjarnasonar og Sinfóníuhljómsveit Íslands

undir stjórn Cornelius Meister. Auk tónlistarinnar starfar Arngunnur sem rithöfundur og hafa komið út eftir hana tvær ljóðabækur og ein skáldsaga. Hún hefur starfað sem fyrsti klarínnettuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2012.



SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR

EINLEIKARI

Sigrún Eðvaldsdóttir hóf fiðlunám hjá Gígju Jóhannsdóttur en lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1984 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og bakkalárgráðu frá Curtis-tónlistarháskólanum í Fíladelfíu 1988. Hún hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna; varð í öðru sæti í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, hlaut bronsverðlaun í Sibelíusar-keppninni árið 1990 og önnur verðlaun í Carl Flesch-keppninni árið 1992. Sama ár hlaut hún bjartsýnisverðlaun Brøste. Hennar er getið sem eins af áhugaverðustu fiðluleikurum framtíðarinnar í bók Henrys Roth, *Violin Virtuosos from Paganini to the 21st Century*. Sigrún hefur gegnt stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1998 og margoft komið fram sem einleikari með hljómsveitinni. Árið 1998 var Sigrún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði tónlistar.

SÖNGHÓPURINN HLJÓMEYKI

Sönghópurinn Hljómeyki hélt sína fyrstu tónleika í mars árið 1974. Hljómeyki skipaði sér þegar í fremstu röð íslenskra kóra og hefur síðan þá flutt verk af margvíslegu tagi, allt frá endurreisnartónlist til rokktónlistar samtímans. Kórinn leggur mikla áherslu á flutning nýrrar íslenskrar tónlistar. Hann hefur frumflutt tugi verka eftir helstu tónskáld þjóðarinnar og tekur iðulega þátt í tónlistarhátíðum sem helgaðar eru nýrri tónlist.

Hljómeyki hefur margoft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og starfar reglulega með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hljómeyki hefur gefið út sex geisladiska, með verkum eftir íslensk tónskáld. Nú í sumar gaf kórinn út á Spotify úrval íslenskra kórлага undir nafninu Sumarkveðja. Kórinn hefur flutt mörg krefjandi *a cappella* verk, nú síðast stórvirkið *Path of Miracles* eftir Joby Talbot.

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

Mótettukór Hallgrímskirkju var stofnaður af stjórnanda sínum Herði Áskelssyni 1982. Kórinn hefur allt frá upphafi verið meðal fremstu kóra Íslands. Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur og má þar finna fjölmargar óratóirur og fjölbreytt kórverk án undirleiks, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Kórinn hefur einnig sótt erlendar kórakeppnir, í september 2014 vann kórinn til þriggja gullverðlauna á Alþjóðlegu Kórakeppninni Cançó Mediterrània og hlaut Grand Prix verðlaun sem besti kór keppinnar.

Kórinn kemur reglulega fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur einnig haldið fjölmarga rómaða tónleika ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju.

Hann hefur gefið út mikið af efni sem m.a. hefur hlotið lof erlendra gagnrýnenda. Á Kirkjulistahátíð s.l. vor var Mótettukórinn í stóru hlutverki í frumflutningi óratóríunnar *Mysterium* eftir Haflíða Hallgrímsson.

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA

Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð árið 1960 af dr. Róbert Abraham Ottóssyni og öðru áhugafólki um flutning sigildra kórverka, og á því sextugsafmæli í vor. Kórinn starfaði náíð með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrsta aldarfjórðunginn en síðan á eigin vegum. Að undanfögnu hefur verkefnum farið fjölgandi og kórinn hefur tekið til flutnings léttari tónlist af ýmsu tagi, auk sigildra kórverka. Þá hefur Fílharmónía farið í tónleikaferðir og sótt kóramót víða um Evrópu við góðan orðstír. Árið 2014 hlaut kórinn tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir flutning sinn á Þýskri sálumessu eftir Brahms og nýliðinn vetur flutti kórinn Requiem eftir Mozart með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands undir stjórn finnska hljómsveitarstjórans Önnu-Mariu Helsing.



KLASSÍKIN OKKAR – TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

Síðastliðin þrjú ár hefur Sinfóníuhljómssveit Íslands í samstarfi við RÚV haldið tónleika með yfirskriftinni „Klassíkin okkar“, þar sem landsmenn hafa valið eftirlætis klassísku tónverkin sín sem síðan voru flutt á sérstökum sjónvarpstónleikum í Eldborg. Tónleikarnir hafa heppnast sérlega vel og því var ákveðið að efna til slíks viðburðar í fjórða sinn, en með dálítið öðru sniði en fyrr. Í þetta sinn var kallað eftir sögum af því hvernig sígild tónverk hafa haft áhrif á Íslendinga, hvernig þau minna á merkilega atburði eða minnistæðar manneskjur og lita hversdagslífið. Valið var úr innsendum tillögum og munu nokkrar eftirminnilegustu sögurnar hljóma inn á milli tónverka í kvöld.

RÓMEÓ OG JÚLÍA

Þegar **Sergej Prokofjev** (1891–1953) sneri aftur til Sovétríkjanna um miðjan fjórða áratuginn eftir átján ára dvöl í París og Bandaríkjunum lofuðu yfirvöld honum öllu fögru og hann þóttist eiga þar vísa framabrátt. Raunin varð þó allt önnur, eins og hann komst að fyrr en varði. Ein fyrsta tónsmíð hans eftir heimkomuna var ballett við sögu Shakespeares um *Rómeó og Júlíu*, en nokkur ár liðu þar til verkið var tekið til sýninga. Tregða sovéskra ballettstjóra til að taka verkið til sýninga er illskiljanleg þar sem tónlistin fellur vel að yfirlýstum markmiðum sovéskra yfirvalda, sem og Prokofjevs sjálfs, sem kallaði eftir „nýjum einfaldleika“ í tónlist 20. aldar. Kaflinn sem hljómar í kvöld lýsir fjölskyldunum sem eiga í erjum, Montag og Kapúlett.

ÚR LA BOHÈME OG MADAMA BUTTERFLY

Giacomo Puccini (1858–1924) bar glöggst skynbragð á tilfinningaþrungin augnablik á leiksviðinu og velgengni hans átti sér enga hliðstæðu meðal óperuskálda um aldamótin 1900. Enn þann dag í dag eru að minnsta kosti sjö óperur hans meðal þeirra vinsælustu sem færðar eru á svið í heiminum. Óperan *La bohème* (Bóhemalíf, 1896) er að nokkru leyti í anda raunsæisstefnu (*verismo*) sem önnur ítölsk óperuskáld höfðu markað fáeinum árum fyrr. Sögu sviðið er Latínuhverfi Parísar á dögum tónskáldsins. Berklasjúk saumastúlka hrífst af skáldi, þau þola fátækt, veikindi, hungur og kulda en mótlætið reynist sambandi þeirra um megn og hún deyr í þann mund sem tjaldið fellur. *Madama Butterfly* (1904) gerist í Austurlöndum fjær og er dæmi um óríentalisma sem setti mjög svip á evrópska tónsköpun um þetta leyti. Bandaríski liðsforinginn Pinkerton dvelst í Japan um hríð og kvænist þar geishu nokkurri, Cio-Cio San eða Madama Butterfly. Þegar Pinkerton er kallaður aftur til heimalandsins biður hans nýtt líf þar með annarri fjölskyldu. Þremur árum síðar óskar Butterfly þess enn að hann snúi aftur; hún vonar að brátt muni skip hans sigla inn í höfnina og þau verði sameinuð á ný.

ÞÝSK SÁLUMESSA

Ein deutsches Requiem eða Þýsk sálumessa var ein fyrsta stóra tónsmíð **Johannesar Brahms** (1833–1897) til að ná verulegum vinsældum. Hvatinn að verkinu var fráfall móður Brahms snemma árs 1865 og fyrstu þættirnir litu dagsins ljós nokkrum mánuðum síðar. Tónsmíðin er óskyld hinni rómversk-kaþólsku sálumessu því að hér valdi lútherstrúarmaðurinn Brahms sjálfur biblíutexta sem tengjast sorg, dauða og trúnni á himnaríki. Jafnvel þótt sumt sé fengið úr fjallræðunni er Kristur hvergi nefndur á nafn. Brahms tjáði kórstjóranum við frumflutning verksins í Bremen 1868 að hann gæti „allt eins tekið burt þýsk [úr heitinu] og sett *mennsk* í staðinn“. Þessi ljúfa og

græðandi sálumessa er ólík flestum öðrum sálumessum 19. aldar þar sem mikið er lagt upp úr því að draga fram ógn hins hinsta dags. Þýsk sálumessa er fremur ætluð til huggunar þeim sem eftir lífa. Miðpunktur verksins er ljúfur kórþáttur við texta úr Davíðssálmi, *Wie lieblich sind deine Wohnungen* (Hversu yndislegir eru bústaðir þínir).

ENIGMA-TILBRIGÐIN

Kunnasta verk bresks tónskálds frá 19. öld er vafalítið *Enigma-tilbrigðin*, eða Tilbrigði um frum-samið stef eftir **Edward Elgar** (1857–1934). „Ráðgátan“ sem heitið vísar til er af tvennum toga. Hvert tilbrigðanna fjórtán lýsir persónu í vinahópi tónskáldsins en í fyrstu lét hann ekkert uppi um það hverjir ættu í hlut annað en skammstafanir og dulnefni. Síðar nafngreindi hann þá sem um ræðir en önnur ráðgáta verksins er torræðari. Eins og Elgar orðaði það sjálfur þá er verkið byggt á „stefi sem ferðast í gegnum allt verkið en heyrir aldrei. Eins og í sumum leikritum stígur aðalsöguhetjan aldrei á svið.“ Þetta hefur verið talið merkja að stefið sjálft sé mótrödd við annað, þekktara stef. Ekkert hefur þó tekist að sanna og litlar líkur á því að ráðgátan leysist nokkurn tíma. Nimrod-þátturinn, sem hljómar í kvöld, er tileinkaður góðum vini tónskáldsins en hér á landi komst hann óvænt í sviðsljósið þegar hann var uppistaða í leikverki eftir Eric-Emmanuel Schmitt, *Abel Snorko* býr einn, sem var sýnt við fádæma vinsældir á Litla sviði Þjóðleikhússins á árunum 1998–2000.

SÁLUMESSA – VALDIR ÞÆTTIR

Sálumessan sem **Wolfgang Amadeus Mozart** (1756–1791) vann að síðustu vikunna sem hann lifði er meðal helstu meistaraverka hans og ein fullkomnasta tónsmíð sinnar gerðar. Tilurð verksins var sannarlega óvenjuleg. Greifi nokkur, Walsegg að nafni, hafði orðið fyrir þeirri ógæfu að missa konu sína unga og ákvað að panta hjá Mozart sálumessu sem yrði flutt í minningu konu sinnar – undir eigin nafni en ekki Mozarts. Allt fór það þó öðruvísi en ætlað var, því Mozart lést áður en verkið var fullgert og brátt komst upp um ráðabrugg greifans. Mozart hafði hugsað sér sálumessuna í fjórtán þáttum, en af þeim voru aðeins tveir fyrstu kaflarnir fullfrágengnir við lát hans, Introitus og Kyrie. Hér hljóma tveir vinsælir þættir til viðbótar, Dies irae og Lacrymosa.

Eins og mörg önnur síðverk Mozarts ber sálumessan þess vitni að Mozart kynnti sér í þáula tónverk meistaranna Bachs og Händels síðustu árin sem hann lifði. Í Vínarborg hafði hann kynnst háttsettum embættismanni, Gottfried van Swieten, sem átti veglegt handritasafn með tónlist barokkmeistaranna. Í sálumessunni má í þessu tilliti nefna upphafsþáttinn, þar sem Mozart vitnar bæði í útfararóð Handels (*The Ways of Zion do Mourn*) og meðferð Bachs á gamalkunnum sléttisöng (*Magnificat*). Fúgustefið í Kyrie-þættinum er líka fengið að láni úr *Dettingen-lofsöng* Händels, en Mozart gerir það sannarlega að sínu. Sálumessan er í heild bæði spennuþrungin og ljóðræn, og einkennist af fullkomnu samvægi tónlistar og texta.

KANÓN

Meðal höfuðtónskálda Þýskalands undir lok 17. aldar var **Johann Pachelbel** (1653–1706). Hann starfaði sem organisti og samdi fjöldann allan af orgelforleikjum og fúgum, en einnig hljómborðssvitur og söngverk. Nú er hans þó helst minnst fyrir stutta tónsmíð fyrir þrjár fiðlur og fylgibassa, *Kanón* í D-dúr. Hugmyndin er sannarlega snjöll: að sameina tvær strangar tónsmíða-aðferðir í einu og sama verkinu, annars vegar kanón eða keðju, hins vegar tilbrigði yfir þrástefsbassa. Bassalína verksins er sama stutta stefið leikið 28 sinnum. Á meðan flytja fiðlurnar þrjáradda keðju, allar leika þær sama tónefnið en hver byrjar tveimur tóktum á eftir þeirri á undan – og allt gengur fullkomlega upp. Um það hvenær verkið var samið eða af hvaða tilefni er ekkert vitað. Þýskur tónlistarfræðingur lagði fyrir nokkrum áratugum fram skemmtilega tilgátu, að verkið væri samið

árið 1694 fyrir brúðkaup Johans Christophs, eldri bróður Johans Sebastians Bach, en Johann Christoph var einmitt nemandi Pachelbels og vitað er að tónskáldið var viðstatt brúðkaupið. Ekkert verður fullyrt um þetta að svo komnu máli, en vissulega er það skemmtileg tilhugsun að hér sé um að ræða tækifærisverk samið fyrir meðlim Bach-fjölskyldunnar.

KLARÍNETTKONSERT

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) samdi tugi einleikskonserta fyrir hin ýmsu hljóðfæri: fiðlu, píanó, horn, flautu, óbó, fagott. Klarínettkonsert hans varð til fáeinum mánuðum áður en hann lést og var síðasta verk hans af þessum toga. Mozart samdi verkið innblásinn af fögrum leik Antons Stadlers, sem var einn færasti klarínettleikari Vínarborgar á sinni tíð. Þetta voru annasamir mánuðir í lífi tónskáldsins; *Töfrافلautan* var fullgerð í lok september og fáeinum vikum síðar var konsertinn til reiðu. Hann var síðasta verkið í stóru formi sem Mozart náði að ljúka við áður en hann lést. Hann veiktist 20. nóvember og tveimur vikum síðar var hann allur. Hægur miðkaflinn er eins konar aría án orða, ljúf og tregafull í senn.

HALLELÚJA-KÓRINN

Messías er ótvírætt kunnasta óratorían sem **Georg Friedrich Händel** (1685–1759) samdi á löngum og glæsilegum ferli. Að mörgu leyti er hún hefðbundið verk – í henni eru forleikur, ariur, söngles og kórþættir – en hún sker sig þó úr bæði hvað varðar efni og efnistöð. Flestar óratoríur Händels eru leikrænar, í þeim bregða einsöngvarar sér í tiltekin hlutverk og eiga í samskiptum sín á milli. *Messías* er aftur á móti ljóðræn hugleiðing um það hvernig mannkynið frelsaðist fyrir son Guðs. Í verkinu eru engar persónur, engin hlutverk. *Hallelúja-kórinn* er vafalaust það frægasta sem Händel festi nokkru sinni á blað og hefur skapast fyrir því hefð að áheyrendur rísi á fætur meðan á flutningi hans stendur. Sagt er að sá síður sé til kominn vegna þess að Georg II Bretakonungur hafi staðið upp á þessu augnabliki þegar verkið var flutt í Lundúnum og því hafi aðrir gestir séð sig knúna til að gera slíkt hið sama. Ekki eru þó traustar heimildir fyrir sögunni og óvíst að konungur hafi nokkru sinni verið viðstaddur þegar *Messías* var sunginn og leikinn.

ADAGIO FYRIR STRENGI

Bandaríska tónskáldið **Samuel Barber** (1910–1981) naut mikillar hylli fyrir ljóðrænan, tjáningarríkan stíl sem meðal annars má heyra í fiðlukonserti hans (1939) og *Adagio fyrir strengi* frá árinu 1936. Hið síðarnefnda var upphaflega hægur þáttur strengjakvartetts en vinsældir þess voru tryggðar þegar ítalski hljóm sveitarstjórinn Arturo Toscanini tók það upp á arma sína í útsetningu fyrir stóra strengjasveit. Verkið var leikið í útvarpi þegar tilkynnt var um lát Roosevelts Bandaríkjaforseta árið 1945 og hefur með tíð og tíma orðið tákn þjóðarsorgar þar í landi, er iðulega flutt við opinber tækifæri þegar fyrirmenni eru kvödd hinstu kveðju. Verkið var líka notað með eftirminnilegum hætti í mynd *Olivers Stone* um hrylling Víetnamstríðsins, *Platoon*, frá árinu 1986.

SCHINDLER'S LIST

John Williams (f. 1932) er tvímælaust dádasta kvikmyndatónskáld síðustu áratuga. Hann hefur starfað náið með leikstjóranum og framleiðandanum Steven Spielberg frá árinu 1974, og alls hefur hann hlotið 51 tilnefningu til Óskarsverðlauna – fleiri en nokkur annar einstaklingur ef frá er talinn Walt Disney. Þá hafa 24 Grammy-verðlaun fallið honum í skaut. Tónlistin við *Schindler's List* (1993) er að nokkru leyti innblásin af gyðinglegum söngvum og klezmer-tónlist. Tilfinningaríkt meginstef myndarinnar samdi Williams sérstaklega handa fiðlusnillingnum Itzhak Perlman, sem sjálfur er af gyðingaættum.

SHORT RIDE IN A FAST MACHINE

John Adams (f. 1947) hefur um áratuga skeið verið eitt kunnasta tónskáld Bandaríkjanna og er oft kenndur við naumhyggju eða mínímalisma. Meðal styttri hljómsveitarverka hans er *Short Ride in a Fast Machine* (Stutt ferð í hraðskreiðu farartæki) sem ber undirtitilinn „lúðragjall [*fanfare*] fyrir hljómsveit“. Adams hefur líkt verki sínu við upplifunina „þegar einhver býður þér far í frábærum sportbíl en þú sérð eftir því þegar hann er kominn af stað“. Vinur Adams átti hraðskreiðan ítalskan fararskjóta og bauð honum í bílferð um það leyti sem hann hóf að smíða verkið. Adams segir ferðina bæði hafa verið ánægjulega og ógnvænlega, og að hann hafi varla verið búinn að jafna sig á henni þegar hann tók að setja fyrstu tónana á blað. Meðal helstu einkenna verksins eru síendurtekin slög á trékubb sem gefa því snaggaralegt yfirbragð. Adams segir annað einkenni vera að hin stærri og dýpri hljóðfæri hljómsveitarinnar – túba, kontrabassi, kontrafagott, málmblástursdeildin – þurfi að „dansa búggi“ kringum hin ósveigjanlegu slög trékubbsins. Það er ekki fyrir en í lok verksins, þegar kubburinn þagnar, að hinn eiginlegi lúðraþytur eða „fanfare“ losnar úr læðingi.

SINFÓNÍA NR. 4

Fjórða sinfónía **Pjotr Tsajkovskíj** (1840–1893) hefur löngum verið talin sjálfsævisöguleg og markast af dramatískri atburðarás ársins 1877. Tsajkovskíj hneigðist til karlmanna en snemma árs 1877 barst honum bréf frá stúlku sem hafði numið hjá honum við Tónlistarháskólann í Moskvu. Hún játaði honum ást sína og hótaði að binda enda á líf sitt ef hann ekki kvæntist henni. Tsajkovskíj lét til leiðast en hjónabandið var hreinasta martröð og stóð raunar ekki nema í örfáar vikur. Það er með þetta í huga sem fjölmargir hafa kosið að túlka fjórðu sinfóníuna, enda gaf Tsajkovskíj vísbendingu um að verkið væri „örlagasinfónía“ þar sem maðurinn glímur við örlög sín. Lokapáttur sinfóníunnar, sem hljómar á tónleikum kvöldsins, er þó bjartur og með fremur hefðbundnu sniði. Rússneskt þjóðlag („Á akrinum stóð birkitré“) er í aðalhlutverki, en Tsajkovskíj hafði einmitt áður notað þjóðlög heimalandsins sem efnivið í sinfónískum lokapáttum. Þannig laðaði hann fram glaðværð og kátínu sem honum þóttu viðeigandi lokapunktur aftan við stór sinfónísk átök.

Árni Heimir Ingólfsson

Á DÖFINNI



FM 12 SEP 19:30

UPPHAFSTÓNLEIKAR – RAVEL OG SIBELIUS

Á fyrstu áskrifartónleikum starfsársins hljómar glæsileg efnisskrá með franskri og norrænni tónlist. Þessi efnisskrá verður svo tekin aftur upp í febrúar 2020, en þá heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Bretlands. Franski píanósningurinn Jean-Efflam Bavouzet leikur píanókoncert Ravel's fyrir vinstri hönd en á tónleikunum hljóma auk konsertsins *Aeriality* eftir Önnu Þorvaldsdóttur og fyrsta símfónía Sibeliúsar ásamt *L'Arlésienne*-svítu Bizets. Fyrrum aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar Yan Pascal Tortelier heldur um tónsprotann.



FM 19 SEP 19:30

DEBUSSY OG PROKOFÍEV

Á þessum tónleikum hljóma tvö lykilverk 20. aldar en einnig nýleg verðlaunatónsmíð sem farið hefur sigurför um heiminn. Sergej Prokofiev samdi fimmtu símfóníu sína á aðeins einum mánuði sumarið 1944. Þetta er kraftmikil og glæsileg tónsmíð og hefur lengi verið meðal hans vinsælustu verka. Tímamótaverkið *Síðdegi skógarpúkans* eftir Debussy er litríkt verk, innblásið af ljóði um drauma og langanir skógarpúka í síðdegissvækj. Hin bandaríska Jennifer Higdon er meðal fremstu tónskálda Bandaríkjanna. Hún hlaut hin virtu Pulitzer-verðlaun árið 2010 fyrir fiðlukonsert sinn, sem leikinn er af Benjamin Beilman undir stjórn Rodericks Cox.



SUN 22 SEP 17:00

10 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR UNGSVEITAR SÍ ÓÐURINN TIL GLEÐINNAR

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hélt sína fyrstu tónleika haustið 2009 og hefur síðan verið meðal máttarstólpa hljómsveitarstarfs fyrir ungt tónlistarfólk hér á landi. Á hverju ári hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Ungsveitarinnar og náð undra-verðum árangri. Ungsveit SÍ var valin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2017. Í tilefni af tíu ára afmæli Ungsveitarinnar verður efnt til glæsilegra hátíðartónleika þar sem Níunda símfónía Beethovens verður flutt með úrvalslíði ungra einsöngvara og æskukóra. Það verður mikilfengleg sjón að sjá yfir 200 íslensk ungmenni taka höndum saman um að flytja þetta magnaða verk og ekki síst lokaþáttinn, sjálfan *Óðinn til gleðinnar*. Hljómsveitarstjóri er Daniel Raiskin.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

30. ÁGÚST 2019

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Júliana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pascal La Rosa
Andrzej Kleina
Justyna Bidler
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Benedikte Damgaard
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Rannveig Marta Sarc
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

VÍÓLA

Gregory Aronovich
Łucja Koczot
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Lovísa Fjeldsted
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson

BASSI

Xun Yang
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Páll Hannesson
Hávarður Tryggvason

FLAUTA

Alena Walentin
Melkorka Ólafsdóttir
Ragnhildur Jósefsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Margreet Houtman
Helga Björg Arnardóttir

SAXÓFÓN

Sigurður Flosason

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Jóhann Ingvi Stefánsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ/CELESTA/HLJÓMBORD

Anna Guðný Guðmundsdóttir

HLJÓMBORD

Helga Bryndís Magnúsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Daniel Bjarason *aðalgestastjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*

Júlija Aradóttir *fulltrúi*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD

2019/2020

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Boðið er upp á ólíkar tónleikaraðir í áskrift en einnig er hægt að velja ferna eða fleiri tónleika af öllum tónleikum vetrarins á Regnbogakort.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.



@icelandsymphony / #sinfó

SALA ÁSKRIFTARKORTA
Í MIDASÖLU HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50